

Sb. 256. Tillaga til þingsályktunar

um raforkuveitu frá Sogsvirkjuninni.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um raforkuveitu frá Sogsvirkjuninni til byggðarinnar við Ölfusárbrú og til Eyrarbakka og Stokks-eyrar og þeirra sveitabýla, er álizt að til greina geti komið, og leggja frumvarp um þetta efni fyrir næsta Alþingi.

G r e i n a r g e r ð .

Ætlun okkar flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu var að flytja frumvarp á þessu þingi um raforkuveitu frá Sogsvirkjuninni til kauptúnanna austan-
fjalls. En sakir þess, að fram til þessa hefir undirbúningur þessa máls staðið yfir, og er að vísu ekki til fulls lokið enn, þá höfum við ekki átt þess kost.

Kostnaðaráætlun yfir raforkuveitu til þessara kauptúna má nú telja fullgerða, og langt er komið með áætlun um fjárhagslega afkomu fyrirtækisins. Aðeins vantar upplýsingar um nokkur atriði, er varða áætlun um rekstrarafkomuna, en innan skamms fást þær upplýsingar.

Nú mun Alþingi senn slitið, svo ekki gefst kostur á lagasetningu um þetta efni að þessu sinni. Hinsvegar er auðvelt að hafa frumvarp um þetta mál tilbúið fyrir næsta þing, ef ríkisstjórnin lætur undirbúa það.

Fólkinu í þessum sveitum er hin brýnasta nauðsyn á að fá raforkuna í þjónustu sína eins fljótt og mögulegt er. Hefir það hinn mesta áhuga fyrir þessu máli. Oddvitar sveitanna, Eyrarbakka-, Sandvikur- og Stokkseyrarhrepps, héldu sam-
eiginlegan fund í fyrra mánuði og óskuðu þess eindregið, að við gerðum ráðstafanir til þess, að hægt væri að hefjast handa um framkvæmdir þessa máls hið allra fyrsta.

Við undirbúning frumvarps um þetta mál og til ákvörðunar um, hvaða leið verði hagsfelldust því til skjótrar lausnar, væntum við þess eindregið, að hafðir verði með í ráðum oddvitar áður nefndra sveita.